



Síldarvinnslan hf. Samfélagsskýrsla 2022

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	3
Um skýrsluna	6
Áfangar ársins 2022	7
Síldarvinnslan og stjórnarhættir	9
Samfélag	30
Umhverfi	53



Ávarp forstjóra

Árið 2022 var tíðindamikið í sögu Síldarvinnslunnar. Í upphafi árs fengum við stærstu loðnuvertíð síðan árið 2003. Vertíðin reyndi á okkur á öllum vígstöðvum og settu slæm veðurskilyrði í febrúar og mars ekki síst strik í reikninginn.

Reksturinn á árinu gekk vel. Góður árangur í rekstri félagsins er ekki sjálfsagður en helsta ástæðan fyrir góðum árangri Síldarvinnslunnar er sú að félagið hefur yfir að ráða frábæru starfsfólki. Starfsfólk Síldarvinnslunnar er að mínu mati ein verðmætasta auðlindin í íslenskum sjávarútvegi.

„Það er ljóst að með kaupunum á Vísi fylgja spennandi verkefni og tækifæri í að samþætta rekstur samstæðunnar allt frá veiðum til vinnslu og sölu.“

Þegar litið er um öxl er tvennt sem stendur sérstaklega upp úr á árinu. Í fyrsta lagi þátttaka í verkefnum á nýjum sviðum, þ.e. í fiskeldi og áformum um fóðurverksmiðju.

Síldarvinnslan fjárfesti á árinu í laxeldisfyrirtækinu Arctic Fish Holding A.S. sem er með starfsemi á Vestfjörðum og er félagið orðið stærsta hlutdeildarfélag samstæðunnar. Á árinu tilkynnti félagið áform um uppbyggingu á fóðurverksmiðju á Íslandi. Fyrirséð er að eftirspurn eftir fóðri mun aukast á næstu árum ef vaxtaráform í fiskeldi ganga eftir og það er mikilvægt hagsmunamál að slík fóðurframleiðsla geti farið fram í auknum mæli á Íslandi.

Í öðru lagi gekk Síldarvinnslan frá kaupum á öllu hlutafé í Vísi ehf. á sumarmánuðum og Vísir varð hluti af samstæðu Síldarvinnslunnar í desember 2022. Með kaupunum á Vísi er bolfiskstarfsemi Síldarvinnslunnar styrkt verulega. Vísir rekur tvær vinnslur í Grindavík, gerir út sex skip ásamt því að eiga hlut í erlendum framleiðslu- og sölufyrirtækjum. Það er ljóst að með kaupunum á

Vísi fylgja spennandi verkefni og tækifæri að samþætta rekstur samstæðunnar allt frá veiðum til vinnslu og sölu.

Lokið var framkvæmdum við uppsetningu á minni fiskimjölsverksmiðjunni í Neskaupstað og hún tekin í gagnið. Verkefnið er hluti af stækkun fiskimjölsverksmiðjunnar í Neskaupstað. Mikil spenna hefur ríkt fyrir verkefninu þar sem við teljum að litla verksmiðjan muni auka möguleika okkar í rannsóknum og nýsköpun og skapi aukna möguleika í vöruþróun og framleiðslu verðmætari próteinafurða. Fyrstu tilraunir í verksmiðjunni gefa góð fyrirheit.

Sumarið 2022 vígðum við minningarreit á grunni gömlu fiskimjölsverksmiðjunnar í Neskaupstað. Reiturinn er til minningar um þá sem látist hafa í störfum hjá Síldarvinnslunni. Reiturinn er fallegur og friðsæll staður og hægt er að fræðast um sögu fyrirtækisins með því að heimsækja hann.

Þegar umhverfisbókhald félagsins fyrir árið 2022 er skoðað má greina að mikil aukning er í losun kolefnisígilda frá starfsemi fyrirtækisins og sérstaklega er mikil aukning frá landvinnslunni vegna aukinnar olíunotkunar. Helgast þessi aukna olíunotkun af því að sala á rafmagn var skert til fiskimjölsverksmiðja félagsins í lok árs 2021 og fékkst ekkert rafmagn fyrir keyrslu þeirra fyrstu þrjá mánuði ársins þar sem ekki var til staðar nægt rafmagn í landinu. Það eru okkur mikil vonbrigði að upplifa að þrátt fyrir að búið sé að fjárfesta í rafmagnsvæðingu verksmiðjanna til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum þá skuli orkubúskapur landsins ekki vera í betri stöðu en raun ber vitni.

Síldarvinnslan er kjölfestufyrirtæki í þeim samfélögum sem fyrirtækið starfar í og það er okkar skylda að vera virkir þátttakendur í þeim samfélögum. Þannig studdum við á árinu við æskulýðs- og íþróttastarfsemi, Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, vorum bakhjarl björgunarsveita, studdum Sjávarútvegsskóla unga fólksins og styrktum fjölmörg önnur góð málefni á starfssvæðum okkar. Við vorum til að mynda þátttakendur í myndarlegum mannúðarstyrk til Úkraínu í samvinnu við önnur aðildarfélög í SFS. Þessu til viðbótar er

Síldarvinnslan þátttakandi í metnaðarfullum rannsókn- og nýsköpunarverkefnum í samvinnu við Matís, háskóla og ýmsa aðra aðila. Við munum halda áfram að styðja við okkar nærsamfélög á komandi árum.

Síldarvinnslan vill vera í fararbroddi á sviði samfélagslegrar ábyrgðar og reynum við ávallt að gera betur og nálgast umhverfið af virðingu þar sem reynt er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. Að sama skapi viljum við standa okkur vel gagnvart okkar verðmæta starfsfólki og þeim samfélögum sem starfsemi félagsins nær til. Þessi skýrsla er liður í að greina frá því sem vel er gert og einnig nefna það sem betur má fara, því ávallt eru möguleikar til að gera betur.

Neskaupstaður, 18. apríl 2023.



Gunnþór B. Ingvason, forstjóri.

Um skýrsluna

Síldarvinnslan gefur nú út samfélagsskýrslu fjórða árið í röð. Samfélagsskýrslan hefur mikilvægt upplýsingagildi um ófjárhagslega þætti í starfsemi félagsins. Síldarvinnslan vill með gerð skýrslunnar stuðla að auknu gagnsæi og vönduðum vinnubrögðum innan félagsins. Skýrslan nær yfir allt árið 2022 og eru allar tölur og mælikvarðar settir fram samkvæmt bestu vitund. Upplýsingar í skýrslunni ná utan um Síldarvinnsluna og dótturfélög á Íslandi með þeirri undantekningu að dótturfélög Vísis ehf. í Þýskalandi, á Spáni og í Grikklandi eru undanskilin.

Þann 1. desember 2022 gengu í gegn kaup Síldarvinnslunnar á öllu hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækinu Vísí ehf. Þrátt fyrir það eru gögn og útreikningar vegna umhverfislegra þátta Vísis reiknuð inn miðað við allt árið 2022. Í þessari samfélagsskýrslu er skattspor Síldarvinnslunnar reiknað út, birt og er

þar einnig miðað við starfsemi Vísis allt árið. Í ársreikningi Síldarvinnslunnar fyrir árið 2022 eru áhrif á kaupunum á Vísí hins vegar miðuð við 1. desember 2022.

Kaflaskipting og skipulag skýrslunnar tekur mið af leiðbeiningum frá Nasdaq Ísland kauphöllinni um svokallaða ESG þætti. Í fyrsta kafla er fjallað um stjórnskipulag Síldarvinnslunnar. Í öðrum kafla um samfélagslega þætti. Í þriðja er fjallað um umhverfisþætti. Við gerð skýrslunnar er einnig horft til þeirra áhersluatriða sem felast í sjálfbærnistefnu SFS en Síldarvinnslan er þátttakandi í þeirri stefnu ásamt fleiri sjávarútvegsfyrirtækjum. Skýrslan og gögn hafa ekki verið rýnd af þriðja aðila. Stjórn Síldarvinnslunnar hefur samþykkt útgáfu samfélagsskýrslunnar 2022 og frekari upplýsingar um gerð skýrslunnar veitir forstjóri félagsins.

Áfangar ársins 2022



Síldarvinnslan og dótturfélög styrktu á árinu ýmis konar samfélagsverkefni. Eitt af þeim var Sjávarútvegsskóli unga fólksins.



Á árinu 2022 hófu Síldarvinnslan og Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað (SÚN) samstarf með það fyrir augum að fjölga íbúðum í Neskaupstað.



Í lok árs 2022 gengu kaup Síldarvinnslunnar á öllu hlutafé í Vísi ehf. í gegn. Vísir er með sínar rætur og starfsemi í Grindavík.

Áfangar ársins 2022



Á sjávarútvegssýningunni Sjávarútvegur 2022 í september veitti SFS Síldarvinnslunni viðurkenningu fyrir samfélagsverkefni og umhverfisvernd. Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra afhenti viðurkenninguna.




Síldarvinnslan fjárfesti í laxeldisfyrirtækinu Arctic Fish Holding A.S. sem er með starfsemi á Vestfjörðum og er félagið orðið stærsta hlutdeildarfélag samstæðunnar.



Minningareitur á grunni gömlu fiskimjölsverksmiðjunnar í Neskaupstað var vígður við hátíðlega athöfn í ágúst 2022 en hann er helgaður þeim sem látist hafa í störfum hjá fyrirtækinu.

Síðarvinnslan og stjórnarhættir



Leiðarljós

Leiðarljós félagsins er að hámarka sjálfbæra nýtingu sjávarauðlindarinnar. Í okkar starfsemi leggjum við áherslu á að minnka kolefnisspor. Til að ná því markmiði höfum við sérstaklega fjárfest í hagkvæmum skipum og unnið að útskiptingu á mengandi orkumiðlum fyrir endurnýjanlega orkugjafa þar sem því verður við komið. Við leggjum áherslu á að vera virkur þátttakandi í uppbyggingu þeirra samfélaga sem við störfum í og er tenging okkar við nærsamfélögin mikilvæg. Í gegnum tíðina höfum við notið þeirrar gæfu að hafa öflugt og metnaðarfullt starfsfólk í vinnu hjá okkur. Starfsfólkið okkar hefur verið undirstaðan að traustum rekstri félagsins allt frá stofnun þess og mun verða það áfram.





Hver erum við?

Síldarvinnslan er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og stærsti framleiðandi uppsjávarafurða á Íslandi. Félagið leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu sjávarauðlindarinnar, þar sem leitast er við að nota nýjustu tækni sem völ er á til veiða og vinnslu. Samstæða Síldarvinnslunnar samanstendur af móðurfélaginu, Síldarvinnslunni hf., og dótturfélögum þess; Bergi-Hugin ehf., Bergi ehf., Vísi ehf, Fóðurverksmiðjunni Laxá ehf., Fjárfestingafélaginu Vör ehf. og S2002 ehf. Þá tilheyra Vísi ehf. nokkur dótturfélög. Höfuðstöðvar félagsins eru við Hafnarbraut 6 í Neskaupstað. Hlutdeildarfyrirtæki Síldarvinnslunnar eru með starfsemi víða á Íslandi og einnig erlendis.

Saga Síldarvinnslunnar

Síldarvinnslan hf. var stofnuð 11. desember 1957. Aðalhluthafi í upphafi var Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað (SÚN) með 60% hlutfjár. SÚN er enn í dag hluthafi í félaginu.

Félagið var skilgreint sem almenningshlutafélag og tilgangur þess var að reisa og reka síldarverksmiðju, síldarverkun og annan skyldan atvinnurekstur í Neskaupstað.

Hinn 20. desember 1974 féllu tvö snjóflóð innarlega í Neskaupstað og lögðu helstu framleiðslufyrirtæki bæjarbúa í rúst eða ollu á þeim stórskemmdum. Tólf manns týndu lífi í flóðunum.



1957

- ▶ Síldarvinnslan stofnuð í Neskaupstað
- ▶ Almenningshlutafélag með 35 hluthafa

1965

- ▶ Útgerð hefst og aukin fiskvinnsla

1970

- ▶ Fyrsti skuttogarinn í eigu Íslendinga

1981

- ▶ Hafin útgerð á fjölveiðiskipi
- ▶ Beitir keyptur

1958

- ▶ Móttaka síldar hefst
- ▶ 4.000 tonn fyrsta starfsárið

1968

- ▶ Síldveiðar bregðast
- ▶ Loðnuveiðar hefjast

1974

- ▶ Snjóflóðin í Neskaupstað eyðilögðu fiskimjölverksmiðju Síldarvinnslunnar
- ▶ Ný verksmiðja var reist og tók til starfa 1976

1989

- ▶ Hafin útgerð á frystitogara



Saga Síldarvinnslunnar

Ákveðið var að reisa nýja fiski-
mjölsverksmiðju við nýtt hafnar-
svæði fyrir botni Norðfjarðar.
Árið 1975 hófust framkvæmdir
við byggingu hennar og
12. febrúar 1976 tók hún á mót
fyrstu loðnunni til vinnslu.

Síldarvinnslan og SR-mjöl voru
sameinuð í eitt félag 1. janúar
2003 undir nafni Síldarvinnsl-
unnar og varð þá til stærsta fyrir-
tæki á Íslandi á sviði veiða og
vinnslu á uppsjávarfiski.

Síldarvinnslan er í dag skráð á
hlutabréfamarkað og er eitt af
öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum
landsins og byggir starfsemin á
yfir 60 ára reynslu í fiskvinnslu
og útgerð.



1997–2000

- ▶ Nýtt fiskiðjuver tekið í notkun 1997 og frystigeymslur 2000

1994

- ▶ Síldarvinnslan skráð í Kauphöll

2007

- ▶ Upphaf makrílveiða og -vinnslu

2004

- ▶ Síldarvinnslan afskráð úr Kauphöll

2012

- ▶ Síldarvinnslan kaupir Berg-Hugin ehf.

2020

- ▶ Bergur-Huginn kaupir Berg ehf.

2021

- ▶ Síldarvinnslan skráð í Kauphöll

1993

- ▶ Rækjufrystitogarinn Blængur keyptur

2003

- ▶ SR-Mjöl sameinast Síldarvinnslunni

2016

- ▶ Runólfur Hallfreðsson ehf. verður dótturfélag (var hlutdeildarfélag frá 2003)

2022

- ▶ Síldarvinnslan kaupir Vísi ehf.
- ▶ Síldarvinnslan kaupir 34,2% hlut í Arctic Fish Holding A.S.



Stjórnskipulag

Stjórn Síldarvinnslunnar

Þorsteinn Már Baldvinsson, formaður

Guðmundur R. Gíslason, varaformaður

Anna Guðmundsdóttir, aðalmaður

Björk Þórarinsdóttir, aðalmaður

Baldur Már Helgason, aðalmaður

Ingi Jóhann Guðmundsson, varamaður

Arna Bryndís Baldvins McClure, varamaður

Framkvæmdastjórn Síldarvinnslunnar

Gunnþór B. Ingvason, forstjóri

Axel Ísaksson, fjármálastjóri

Jón Már Jónsson, yfirmaður landvinnslu

Dótturfélög Síldarvinnslunnar

Bergur-Huginn ehf. (100%)

Bergur ehf. (100%)

Vísir ehf. (100%)

Samvís ehf. (100%)

DSFU (100%)

Þorvís ehf. (100%)

MAR guesthouse (100%)

Sjávarmál ehf. (100%)

Daðey ehf. (100%)

Vísir GmbH (100%)

Cabo Norte 2014 S.A (50%)

Haustak ehf. (50%)

S2002 ehf. (100%)

Fóðurverksmiðjan Laxá ehf. (66,67%)

Fjárfestingarfélagið Vör ehf. (60%)

Hlutdeildarfélag samstæðunnar

Atlantic Coast Fisheries Corp (100%)

SR-Vélaverkstæði ehf. (37,3%)

Polar Pelagic A.S. (33%)

G. Skúlason vélaverkstæði ehf. (24,95%)

Rauðapíng ehf. (24,95%)

Miðhús ehf. (46,70%)

Arctic Fish Holding A.S. (34,2%)

Marine Collagen ehf. (25%)

Stjórnarhættir

Meginmarkmið stjórnarháttayfirlýsingar Síldarvinnslunnar hf. er að skýra með gagnsæjum hætti hlutverk og ábyrgð stjórnenda til að auðvelda þeim að rækja störf sín og um leið að treysta hag hluthafa og annarra hagaðila.

Stjórnarhættir félagsins taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Síldarvinnslan hefur þó ekki skipað tilnefningarnefnd í samræmi við ákvæði fyrsta kafla ofangreindra leiðbeininga þar sem stjórn félagsins hefur ekki talið næg rök vera fyrir hendi. Stjórnarháttayfirlýsing, samþykktir félagsins, siðareglur Síldarvinnslunnar, starfsreglur stjórnar, starfsreglur endurskoðunarnefndar og starfsreglur starfskjaranefndar er að finna á vefsvæði Síldarvinnslunnar, www.svn.is.

Áhættustýring og innra eftirlit eru samofin góðum stjórnarháttum. Stjórn og stjórnendur Síldarvinnslunnar leggja ríka áherslu á að byggja upp sterka áhættuvitund með því meðal annars að viðhalda góðu eftirlitsumhverfi með skjalfestri stefnu, reglum og ferlum sem styðja við rekstur félagsins.





Áætlanagerð og uppgjör gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti með rekstrarþáttum og er farið reglulega yfir rekstur einstakra deilda með stjórn félagsins.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla. Ársreikningurinn er settur fram í bandaríkjadollurum (USD) sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar.

Æðsta vald Síldarvinnslunnar er í höndum lögmætra hluthafafunda. Samkvæmt samþykktum er stjórn kosin á aðalfundi félagsins ár hvert. Stjórnin er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara, stjórnarkjör er skriflegt ef kosið er um fleiri en kjósa skal. Við kosningu stjórnar skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Hluthafafundir eru haldnir að minnsta kosti einu sinni á ári eða oftar ef þurfa þykir.

Stjórn Síldarvinnslunnar fer með æðsta vald í málefnum Síldarvinnslunnar milli hluthafafunda. Henni ber að stuðla að viðgangi félagsins og hafa eftirlit með daglegum rekstri þess. Stjórnin hefur, ásamt forstjóra, forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið Síldarvinnslunnar. Hún sér um að gæta hagsmuna allra hluthafa og að gæta jafnræðis milli þeirra. Stjórnin hefur eftirfylgni með því að félagið starfi samkvæmt lögum og reglum.



Siðareglur Síldarvinnslunnar

Síldarvinnslan hefur samþykkt eigin siðareglur. Þessar siðareglur gilda um starfsemi fyrirtækisins í heild og taka þær til vinnubragða stjórnar, stjórnenda og starfsfólks.

Siðareglurnar eru ítarlegar og eru í sjö liðum. Þar segir meðal annars í öðrum lið:

„Síldarvinnslan umgengst þau samfélög þar sem fyrirtækið starfar með virðingu og nærgætni, enda er það burðarstólpi í þeim. Það hvetur starfsfólk til þátttöku í samfélaginu, en ítrekar mikilvægi þess að slík þátttaka hafi hvorki neikvæð áhrif á starf viðkomandi né orðspor fyrirtækisins. Síldarvinnslan styrkir íþróttá- og menningarstarfsemi í nærsamfélaginu með ýmsum hætti og leitast einnig við að versla í heimabyggð þegar hægt er.“

Í þriðja lið segir um umhverfismál:

„Síldarvinnslan leitast við að starfa með eins sjálfbærum og umhverfisvænum hætti og unnt er. Fyrirtækið metur frammistöðu sína í umhverfismálum með markvissum hætti og leitast við að draga stöðugt úr umhverfisáhrifum. Það stundar ábyrgar veiðar og fordæmir brottkast afla.“

Siðareglurnar má sjá [á vefsíðu félagsins](#).

Starfsemin

Síldarvinnslan er alhliða sjávarútvegsfyrirtæki með umfangsmikla starfsemi á Íslandi. Fyrirtækið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í fremstu röð með fjölbreytta starfsemi og yfirgripsmikla þjónustu. Meginstarfsemin er í Neskaupstað, á Seyðisfirði, í Vestmannaeyjum og í Grindavík en einnig er eitt dótturfélag starfandi á Akureyri.



Kaupin á Vísi

Í lok árs 2022 gengu kaup Síldarvinnslunnar á öllu hlutafé í Vísi ehf. í gegn. Vísir er með sínar rætur og starfsemi í Grindavík. Félagið á einnig dóttur- og hlutdeildarfélög í Evrópu. Félagið er rótgróið, kröftugt og framsækið sjávarútvegsfyrirtæki þar sem áhersla er lögð á ábyrgar veiðar, hátæknivinnslu og vörugæði. Fyrirtækið býr yfir góðum skipaflota útbúnum til línuveiða og rekur saltfiskvinnslu og frystihús í Grindavík. Afurðir Vísis eru fjölbreyttar, unnar úr fyrsta flokks hráefni, og framleiddar fyrir breiðan hóp viðskiptavina vítt og breitt um heim. Sem eitt af kjölfestufyrirtækjum í Grindavík hefur



fyrirtækið stutt við fjölbreytt samfélagsleg verkefni á starfssvæði sínu og mun gera það áfram. Í yfir 55 ár hefur Vísir notið mikillar gæfu og haft á að skipa metnaðarfullu og tryggu starfsfólki. Mannauður fyrirtækisins hefur verið og mun áfram vera lykillinn að farsælum rekstri þess.



Hver sjóferð spennandi ævintýri

Theodór Haraldsson er alinn upp á Selfossi en fluttist til Neskaupstaðar árið 1989. Hann hóf störf hjá Síldarvinnslunni árið 1991 þegar hann réðst sem háseti á skuttogarann Bjart. Theodór fylgdi síðan Sveini Benediktssyni skipstjóra yfir á Barða árið 1993. Theodór segir að um þetta leyti hafi hann verið búinn að taka skýra stefnu í lífinu. „Ég hóf nám í Stýrimannaskólanum árið 1996 og lauk því árið 1998. Þarna var ég búinn að ákveða að í framtíðinni yrði ég á sjónum enda var ég búinn að sjá að nú til fimm vinna átti engan veginn við mig. Þegar á árinu 1999 hóf ég að leysa af sem stýrimaður á Barða og varð fyrsti stýrimaður sumarið 2000. Þegar Sveinn Benediktsson lét af störfum árið 2003 fór

ég alfarið upp í brú og þar hef ég verið á Síldarvinnsluskipum síðan. Á Barða var ég skipstjóri á móti Bjarna Ólafi Hjálmarssyni á árunum 2015–2016 og síðan færðum við félagarnir okkur yfir á frystitogarann Blæng. Á Blængi var ég fram í október 2021 en þá fór ég sem fyrsti stýrimaður á uppsjávarskipið Bjarna Ólafsson AK. Áhöfnin á Bjarna fluttist síðan yfir á uppsjávarskipið Barða í fyrra og þar er ég nú. Mér hefur alltaf líkað afar vel á sjónum og mér hefur fundist gott að starfa hjá Síldarvinnslunni enda er ég búinn að vera hjá fyrirtækinu í yfir 30 ár. Í sannleika sagt er hver sjóferð spennandi ævintýri og á sjónum eru engir tveir dagar eins.“





Síldarvinnslan og heimsmarkmiðin

Síldarvinnslan horfir til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í starfsemi sinni. Við erum í Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) en aðilar að samtökunum hafa markað sér sameiginlega stefnu á sviði samfélagsábyrgðar sem grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með hliðsjón af eðli rekstrar Síldarvinnslunnar, höfum við valið eftirfarandi sjö heimsmarkmið til að vinna að. Í ljósi þess að heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg snertir starfsemi okkar þó á öðrum markmiðum en þeim sem eru nefnd hér á eftir.



Heilsa og vellíðan

Áherslur Síldarvinnslunnar í öryggis- og vinnuverndarmálum tengjast heimsmarkmiði þrjú um heilsu og vellíðan. Góð heilsa, vellíðan og öryggi starfsfólks eru okkur mikilvæg. Við leitumst eftir því að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi þar sem einelti, ofbeldi og kynferðisleg áreitni eru með öllu óheimil. Við vinnum markvisst að því að draga úr hættu við vinnu og í starfsumhverfi. Unnið er að öryggis- og vinnuverndarmálum með öflugri öryggisfræðslu.



Jafnrétti kynjanna

Síldarvinnslan hefur sett sér jafnréttisstefnu sem er fylgt eftir með aðgerðaáætlun. Í jafnréttisstefnu okkar leggjum við áherslu á að tryggja jöfn tækifæri einstaklinga og jafnrétti til ábyrgðar og launa, óháð kyni. Við leggjum einnig áherslu á að vera fjölskylduvænn vinnustaður þar sem starfsfólki er gert kleift að samræma vinnu og fjölskyldulíf eins og kostur er.



Nýsköpun og uppbygging

Með nýsköpun er lagður grunnur að auknum tækifærum og verðmætum störfum í sjávarútvegi og tengdum atvinnugreinum. Síldarvinnslan leggur áherslu á að efla vísindarannsóknir innan sjávarútvegs og hefur komið að margs konar nýsköpunar- og rannsóknaverkefnum. Markmið verkefnanna er meðal annars að skapa aukin verðmæti, bæta meðferð á hráefni og að draga úr áhrifum á umhverfið. Nýsköpunar- og rannsóknaverkefni eru mörg unnin í samvinnu við háskóla og hafa nokkur verkefni hlotið styrk úr rannsóknasjóðum.



Ábyrg neysla og framleiðsla

Við nýtum auðlindina með sjálfbærum og lögmætum hætti. Síldarvinnslan framleiðir hágæða sjávarafurðir og er sífellt að þróa aðferðir til að bæta nýtingu hráefnis og ekki síst nýta enn betur það hráefni sem fellur til í vinnslum félagsins.



Aðgerðir í loftslagsmálum

Síldarvinnslan mælir losun fyrir-tækisins og birtir tölulegar upplýsingar um losun árlega. Við leitum stöðugt leiða til að minnka umhverfisáhrif starfseminnar og draga úr losun vegna notkunar jarðefnaeldsneytis. Við reynum að koma auga á tækifæri til að draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti og auka hlutdeild vistvænna orkugjafa sem eru raunhæfir og samkeppnishæfir.



Líf í vatni

Líf í vatni og virðing fyrir vistkerfi hafsins er grundvöllur þess að við getum stundað veiðar til framtíðar. Það er hagsmunamál Síldarvinnslunnar sem og sjávarútvegsins í heild að ástand fiskistofna sé gott og veiðar úr stofnum sjálfbærar. Ábyrg og góð umgengni við auðlindina er forsenda þess að sjávarútvegur verði áfram öflug atvinnugrein með gott orðspor.



Friður og réttlæti

Síldarvinnslan vill stuðla að gagnsæi og því birtum við ófjárhagslegar upplýsingar um stjórnarhætti, samfélagsþætti og umhverfismál er varða starfsemi okkar árlega. Útgáfa þessarar skýrslu er liður í því.

Innkaup og birgjar

Síldarvinnslan leggur áherslu á að kaupa vörur og þjónustu af birgjum í nærsamfélaginu eins og kostur er. Nærsamfélagið er skilgreint sem þau sveitarfélög sem Síldarvinnslan er með starfsemi í. Af innkaupum fyrirtækisins koma 53% frá birgjum í nærsamfélaginu, 33% frá öðrum innlendum birgjum og 14% frá erlendum birgjum.

Síldarvinnslan hefur ekki sett ákvæði um samfélagslega ábyrgð í samninga við birgja.



Fóðursérfræðingur á Akureyri

Ómar Valgarðsson er verksmiðjustjóri hjá Fóður-
verksmiðjunni Laxá á Akureyri. Laxá hefur lengi
verið stærsti framleiðandi fiskeldisfóðurs á Íslandi
og festi Síldarvinnslan kaup á verksmiðjunni árið
2002. Ómar hefur starfað hjá Laxá í 35 ár og þar af
sem verksmiðjustjóri í 25 ár. Hann þekkir því sögu
verksmiðjunnar afar vel. „Verksmiðjan var nýlega byggð
þegar ég kom til starfa og það hafði verið mikið um
byrjunarörðugleika sem ollu verulegum erfiðleikum
við framleiðsluna. Verksmiðjan var tölvukeyrð og
nýmóðins og því fylgdu ýmis vandamál sem þurfti að
leysa. Með tímanum náðust góð tæk á framleiðslunni
og starfsfólk náði að stilla vel saman strengi sína. Á
árunum fyrir 1990 var töluvert af framleiðslunni flutt
út. Þá var selt til Noregs og Færeyja. Á þeim tíma var

unnið á þremur vöktum og náði þá ársframleiðslan allt
að 10.000 tonnum. Nú er verksmiðjan hins vegar að
framleiða um 12.000 tonn á ári og er unnið á tveimur
átta tíma vöktum. Starfsfólk verksmiðjunnar er nú 10 til
11 talsins. Framleitt er fyrir landeldi innanlands og eins er
seiðastöðvum þjónað. Áður var reyndar einnig framleitt
fóður fyrir sjóeldi. Þá ber að nefna að Laxá hefur flutt inn
fóður fyrir seiðaeldi. Mikil þróun hefur átt sér stað á sviði
fóðurframleiðslunnar og ánægjulegt og áhugavert að fá
að taka þátt í þróunarstarfinu og upplifa breytingarnar.
Ég er í raun búinn að upplifa miklar sveiflur í fiskeldinu
hér á landi. Ég hef upplifað fiskeldisævintýri eitt og tvö
og nú er fiskeldisævintýri þrjú hafið. Fiskeldið er grein
sem hefur hingað til verið afar sveiflukennd en vonandi
verður hún stöðug og sterk í framtíðinni.“



Helstu vottanir

Síldarvinnslan starfar á alþjóðlegum mörkuðum og selur afurðir sínar í gegnum utanaðkomandi sölufyrirtæki og eigin félög á helstu mörkuðum. Afurðir félagsins í uppsjávarfiski eru frosinn uppsjávarfiskur og mjöl og lýsi. Í bolfiski eru afurðir félagsins bæði landfrystar, sjófrystar, saltaðar og þurrkaðar. Frá landvinnslu eru einnig seldar ferskar afurðir og þá er ferskur fiskur frá ísfisktogurum félagsins að hluta til seldur á mörkuðum erlendis og innanlands. Í einstaka tilfellum er afli uppsjávarskipa félagsins seldur ferskur til vinnslu erlendis. Síldarvinnslan framleiðir afurðir sínar eftir viðurkenndum stöðlum sem tryggja eiga sjálfbærni, rekjanleika og heilnæmi afurðanna. Allar starfsstöðvar félagsins eru undir eftirliti Matvælastofnunar (MAST). Félagið er með vottuð gæðastjórnunarkerfi sem styðja við þessi markmið.

Allar þessar vottanir eru teknar út reglulega af þar til bærum aðilum. Vottuð gæðastjórnunarkerfi eru eftirfarandi:

- ▶ **Global TRUST (IFFO Global Standard for Responsible Supply)**
- ▶ **MSC (Marine Stewardship Council)**
- ▶ **Iceland Responsible Fisheries**
- ▶ **HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points)**
- ▶ **FEMAS (Feed Material Assurance Scheme)**
- ▶ **TÚN, vottun um lífræna framleiðslu**
- ▶ **Naturaland, vottun um lífræna framleiðslu**
- ▶ **GFSI (Global Food Safety Initiative),**
 - ▷ **BRC (British Retail Consortium)**

Veiðar og vinnsla

Fyrirtækið gerði út fjögur uppsjávarskip sem veiddu samtals 194.604 tonn á árinu 2022. Uppsjávarfisk er nær undantekningarlaust ráðstafað til eigin vinnslu. Síldarvinnslan gerði út þrjú ísfisktogara sem veiddu um 13.364 tonn af bolfiski á árinu 2022. Frystitogari samstæðunnar veiddi 6.634 tonn á árinu 2022. Á frystitogaranum eru framleiddar sjófrystar afurðir. Með tilkomu Vísis fjölga skipum sem veiða bolfisktegundir. Vísir gerði út einn ísfisktogara, þrjú línuskip og tvo dagróðrabáta. Ísfisktogarinn veiddi 4.152 tonn á árinu 2022, línuskipin veiddu 11.713 tonn á árinu 2022 og dagróðrabátarnir 1.711 tonn.

Í Neskaupstað starfrækir Síldarvinnslan öflugt uppsjávarfrystihús og stórar frystigeymslur. Þar eru loðna, síld og makrill unnin til manneldis, ýmist er fiskurinn heilfrystur, flakaður eða hausskorinn. Tæknistig er hátt og afkastageta frystihússins í heilfrystingu er um 720 tonn á sólahring.





Félagið starfrækir tvær fiskmjölsverksmiðjur, eina í Neskaupstað og á aðra á Seyðisfirði. Afkastageta stóru verksmiðjunnar í Neskaupstað er 1.400 tonn á sólarhring og er unnið að stækkun hennar upp í 2.000 tonn. Í Neskaupstað er búið að setja upp verksmiðju sem afkastar 380 tonnum á sólarhring og getur hún keyrt sjálfstætt eða sem hluti af stærri verksmiðjunni og verða þá heildarafköst um 2.380 tonn á sólarhring. Verksmiðjan í Neskaupstað er að fullu raforkuvædd. Afkastageta verksmiðjunnar á Seyðisfirði er 1.200 tonn. Hún er raforkuvædd að hluta en þar er unninn kolmunni og loðna þegar loðnuvertíðir eru stórar. Verksmiðjan í Neskaupstað tekur á móti hráefni beint til vinnslu ásamt því að taka á móti afskurði frá fiskiðjuveri félagsins og frystiskipum. Mjöl og lýsi sem félagið framleiðir fer að stærstum hluta til fóðurframleiðslu fyrir fiskeldi erlendis. Mjöl og lýsi sem selt er á innlendan markað er unnið í dótturfélagi félagsins, Fóðurverksmiðjunni Laxá á Akureyri, og nýtt til framleiðslu á fiskifóðri fyrir innlendan markað. Bolfiskafurðir Síldarvinnslunnar skiptast í sjófrystar, sem framleiddar eru um borð í frystitogar- anum Blæng og landfrystar, ferskar, saltaðar og þurrkaðar sem framleiddar eru í fiskvinnsluhúsunum á Seyðisfirði, í Neskaupstað og í Grindavík.



Launafulltrúi sjómanna í Grindavík

Ástrún Jónasdóttir er fædd og uppalin í Grindavík og á þar sterkar rætur. Hún hóf störf hjá Vísi árið 1999 og hefur starfað hjá fyrirtækinu alla tíð síðan. Fyrst sinnti hún símsvörun en fljótlega færðist hún yfir í launavinnslu auk þess að fást við bókhald um tíma. Árið 2001 tók hún við starfi launafulltrúa sjómanna hjá fyrirtækinu. „Að sinna starfi launafulltrúa sjómanna gerir það að verkum að ég er í miklu sambandi við þá, einkum ræði ég oft við stýrimenn og skipstjóra. Mér hefur ávallt líkað vel að hafa samskipti við sjómennina, enda eru margir þeirra búnir að vera lengi hjá Vísi, rétt eins og ég. Hjá Vísi starfa 106 sjómenn. Þetta eru allt afar góðir drengir og ég get vart hugsað mér þægilegri eða betri samstarfsmenn. Ég er búin að starfa hjá Vísi í rúmlega 23 ár og mér hefur ávallt líkað það afskaplega vel. Fyrirtækið er afar góður vinnustaður og að mínu mati gæti mórallinn innan þess vart verið betri. Ég tel mig vera heppna að hafa starfað hjá Vísi í þetta langan tíma og notið samvista við allt það góða fólk sem hefur starfað hjá fyrirtækinu eða tengst því.“

Samfélag



Mannauður

Síldarvinnslan og dótturfélög hafa sett sér metnaðarfulla stefnu í starfsmannamálum sem miðar að því að skapa vinnuumhverfi sem einkennist af hvatningu, öryggi og góðum samskiptum. Samkvæmt stefnu félagsins vill það bjóða starfsfólki upp á:

- ▶ vinnuumhverfi þar sem stjórnendur og starfsfólk vinna að því í sameiningu að auka sífellt öryggi, velferð og árangur
- ▶ tryggja vinnu og góða afkomu
- ▶ vinnu þar sem fólk er hvatt til að gera sitt besta og efla stöðugt þekkingu sína og færni
- ▶ sveigjanleika og jafnvægi á milli vinnu og einkalífs eins og frekast er unnt
- ▶ samskipti sem einkennast af samráði og virðingu
- ▶ jafnrétti til launa og starfsþróunartækifæra




Starfsfólki fjölgar með tilkomu Vísis

Stöðugildum hjá Síldarvinnslunni fjölgaði mikið á árinu 2022 frá fyrra ári með tilkomu Vísis í samstæðuna auk þess sem umsvif félagsins jukust. Alls fjölgaði stöðugildum um 67% árið 2022. Á árinu var fjöldi stöðugilda hjá samstæðunni samtals 634, þar af 501 karlar og 133 konur. Í ljósi þess hve kynjahlutföll eru skökk í sjávarútvegi hefur Síldarvinnslan lagt áherslu á að starfsfólk hafi jöfn tækifæri til að nýta hæfileika sína og krafta, óháð kyni. Þegar störf losna, gerum við okkar besta til þess að höfða til umsækjenda, óháð kyni.

Enn liggur ekki fyrir að hvaða marki mannauðsmál Síldarvinnslunnar og Vísis verða samþætt á árinu 2023, en langtímastefnan er að samræma stefnur og vinnubrögð í mannauðsmálum. Markmiðið er að tryggja áframhaldandi starfsánægju, tryggð og góða frammistöðu starfsfólks félagsins.


Alls



Stjórnendur, og sérfræðingar



Stjórn SVN



Jafnréttismál

Síldarvinnslan hefur sett sér stefnu í jafnréttismálum og vinnur eftir jafnréttisáætlun sem var mótuð á grundvelli stefnunnar. Jafnréttisfulltrúi fyrirtækisins tryggir að áætluninni sé fylgt eftir og veitir jafnframt stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf. Við leggjum áherslu á að stjórnendur og starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi jafnréttis í daglegum störfum, í stefnumótun og allri ákvarðanatöku. Við teljum að jafnari kynjahlutföll og áhersla á jafnréttismál skili sér í betri rekstri, heilbrigðara vinnuumhverfi og aukinni starfsánægju.

Í jafnréttisáætlun Síldarvinnslunnar leggjum við áherslu á samræmingu vinnu og einkalífs. Við viljum gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og fjölskyldulíf með sveigjanleika í vinnutíma og vinnuhagræðingu eins og við verður komið. Horft er til þess að skipulag vinnutíma starfsfólks sé eins fyrirsjáanlegt og mögulegt er.

Í lok árs 2022 framkvæmdi vottunarfyrirtækið BSI á Íslandi úttekt á jafnlaunakerfi Síldarvinnslunnar í fimmta skiptið. Líkt og í fyrri úttektum, sýndu niðurstöður úttektarinnar að jafnlaunakerfi okkar uppfyllti kröfur staðalsins. Jafnlaunagreiningin sýndi að engan órökstuddan launamun var að finna hjá fyrirtækinu og því staðfest að fyrirtækið greiðir sambærileg laun fyrir sambærileg störf.

Mannréttindi og kjarasamningar

Síldarvinnslan tryggir að laun og réttindamál starfsfólks séu ávallt í samræmi við gildandi kjarasamninga, lög og reglugerðir. Mikill meirihluti starfsfólks er í stéttarfélögum. Síldarvinnslan notar aðeins þjónustu undirverktaka sem bera sambærilega virðingu fyrir réttindum launafólks.

Einelti, kynferðisleg eða kynbundin áreitni eða ofbeldi er undir engum kringumstæðum liðið eða umborið á vinnustöðum félagsins, hvorki í samskiptum starfsfólks né í samskiptum við starfsfólk verktaka, samstarfsaðila eða viðskiptavini. Á síðasta ári barst ein tilkynning um einelti og var hún afgreidd með óformlegri málsmeðferð sem er verklag sem er notað þegar um vægari tilvik er að ræða og er það gert í samráði við þann sem tilkynnir.

Persónuvernd

Síldarvinnslan hefur sett sér persónuverndarstefnu til að tryggja að friðhelgi einkalífs fólks sé virt og að meðferð upplýsinga sé í samræmi við lög um persónuvernd. Félagið safnar engum óþarfa persónuupplýsingum. Engin brot eða kvartanir komu á síðasta ári sem varða meðhöndlun eða söfnun persónuupplýsinga.



Heilsa og vellíðan starfsfólks

Síldarvinnslan leggur áherslu á góða heilsu og vellíðan starfsfólks. Við höfum stuðlað að heilsueflingu starfsfólks með fjölbreyttum hætti á síðastliðnum árum. Öllu starfsfólki stendur til boða að fara í reglulegar heilsufarsskoðanir sem fyrirtækið Sjómannaheilsa hefur umsjón með. Læknir og hjúkrunarfræðingur fara í heimsóknir á starfsstöðvar Síldarvinnslunnar og starfsfólki gefst færi á að fá læknisþjónustu og persónulega ráðgjöf varðandi heilsufar. Í ár, líkt og síðastliðin ár, hefur Síldarvinnslan styrkt heilsueflingu starfsfólks. Styrkina má t.d. nýta til kaupa á líkamsræktar- eða sundkortum.

Einnig hefur Síldarvinnslan boðið samgöngustyrki til þeirra starfsmanna sem hjóla eða ganga til vinnu að minnsta kosti þrjá daga í viku. Þetta er fjórða árið í röð sem slíkur samningur er gerður. Samgöngustyrkur til starfsfólks samræmist bæði áherslum Síldarvinnslunnar á sviði heilsueflingar og umhverfismála. Þá hefur Síldarvinnslan hvatt til og greitt fyrir ristilspeglanir starfsfólks eftir 50 ára aldur. Það er ljóst að heilsufarsskoðanir og ristilspeglanir bjarga mannlífum og geta fyrirbyggt alvarleg heilsufarsvandamál. Við hvetjum því starfsfólk okkar til að nýta sér þetta.



Berglind Lilja Guðlaugsdóttir næringarfræðingur með námskeið.

Fræðsla um næringu og hreyfingu

Á árinu var farið af stað í sérstakt verkefni á sviði heilsueflingar sem miðaði að því að hvetja starfsfólk til að huga betur að heilsunni. Verkefnið var mótað af mannauðssviðinu okkar í samvinnu við Austurbrú, samstarfsaðila Síldarvinnslunnar á sviði símenntunar. Það hófst á haustmánuðum með fræðslu um hreyfingu og næringu. Við fengum til liðs við okkur Erlu Guðmundsdóttur, heilsumarkþjálfara og ráðgjafa sem hélt erindi fyrir starfsfólk. Sömuleiðis kom Berglind Lilja Guðlaugsdóttir, næringarfræðingur og aðjúntur við Háskóla Íslands og hélt erindi um næringu fyrir starfsfólk. Hún hélt sérstakt námskeið fyrir kokka og matráða hjá Síldarvinnslunni. Í kjölfar fræðslunnar stóð starfsfólki til boða að fá niðurgreidda einkatíma í ráðgjöf hjá Erlu og Berglindi Lilju. Eins stóð starfsfólki til boða niðurgreidd einkaþjálfun í líkamsræktarstöðvum.

Verkefnið heldur áfram á árinu 2023 með fræðslu um mikilvægi svefns og ræktun andlegrar heilsu. Dr. Erla Björnsdóttir hjá fyrirtækinu Betri svefn mun flytja erindi um mikilvægi svefns fyrir starfsfólk. Samhliða þessu verða flutt erindi í tengslum við útivist og starfsfólk hvatt til þess að stunda hana í auknum mæli.



Fræðsla og uppbygging mannauðs

Þekking og hæfni starfsfólks skiptir miklu máli og leggur Síldarvinnslan því áherslu á fræðslustarf og uppbyggingu mannauðs. Fræðslustarfið okkar er af ýmsu tagi, svo sem nýliðafræðsla, öryggisnámskeið, námskeið tengd heilsu, sérhæfð námskeið fyrir tæknifólk og iðnaðarmenn og reglubundin sí- og endurmenntun á sviði öryggismála sjómanna.

Á árinu var samið um kaup og innleiðingu á nýju fræðslukerfi frá fyrirtækinu LearnCove en það er íslenskt fyrirtæki sem er tiltölulega nýtt á markaðnum. LearnCove hefur horft sérstaklega til fyrirtækja í sjávarútvegi og tengdum greinum við þróun kerfisins. Kerfið er þegar í notkun hjá Slysavarnaskóla sjómanna og ættu því flestir sjómenn nú þegar að þekkja kerfið. Að auki hefur Austurbrú tekið LearnCove kerfið í notkun, en Austurbrú og Síldarvinnslan eiga í samstarfi um símenntun starfsmanna. Síldarvinnslan hefur einnig samið við fyrirtækið Akademias um aðgang að vönduðu safni námskeiða sem nýtast starfsmönnum bæði í starfi og einkalífi og verða þau námskeið aðgengileg í nýja fræðslukerfinu. Í kjölfarið verður svo unnið með hverri deild í að koma upp sérhæfðu námsefni fyrir reglubundna fræðslu um heilsu, öryggi, samskipti o.fl.



Öryggi og slysatíðni

Félagið hefur skilgreint verklag sem á að tryggja öryggi starfsfólks. Verklagið byggir á því að greina áhættu í vinnuumhverfi með skipulegum hætti og bregðast við mögulegum hættum með breytingum á vinnuaðstöðu og/eða verklagi. Öryggisnefnd starfar á hverjum vinnustað og öryggisfulltrúi leiðir vinnu nefndarinnar. Yfirmenn hvernar deildar bera ábyrgð á því að öryggisreglum sé fylgt, öryggisatvik séu rannsökuð og gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að fyrirbyggja hættur. Lykilþættir í því að auka öryggi er fræðsla, eftirfylgni stjórnenda og þátttaka starfsfólks í öryggisumbótum. Síldarvinnslan telur þessar áherslur þegar hafa skilað árangri í bættri öryggisvitund, en þó telur fyrirtækið slys enn vera of algeng.

Á skipum félagsins urðu 4 fjarveruslys og 5 slys voru skráð í landvinnslunni. Þetta eru færri slys en árið á undan, en þá voru fjarveruslys í landvinnslu 11 talsins, á meðan fjöldi fjarveruslysa er óbreyttur milli ára á skipum félagsins. Rétt eftir að Síldarvinnslan tók við eignarhaldi á Vísi í Grindavík varð hörmulegt banaslys á línuskipinu Sighvati GK er sjómaður féll útbyrðis. Var þar um að ræða fyrsta banaslysið í sögu Vísis. Slysið er áminning um mikilvægi öryggismála og undirstrikar þá staðreynd að vinna að þeim málum tekur aldrei enda.



Með reynslu af mörgum Vísisbátum

Garðar Helgi Magnússon er alinn upp í Grindavík en býr í Kópavogi. Hann er stýrimaður á Páli Jónssyni GK sem er fjögurra ára gamalt línuskip í eigu Vísis. Garðar hefur starfað lengi hjá Vísí og ber fyrirtækinu vel söguna. „Sem krakki vann ég hjá Vísí í Grindavík og líkaði það vel. Ég fór fyrst á sjóinn þegar ég var 21 árs og lauk stýrimannanámi. Sjómennsku á bátum Vísis hóf ég árið 1998 og hef ég verið á allmörgum

Vísisbátum, lengst af sem stýrimaður og afleysingaskipstjóri. Ég byrjaði á Hrungni og síðan lá leiðin á Fjölni, Sævík, Kristínu, Sighvat og nýjan Fjölni áður en ég fór á Pál Jónsson, en Páll Jónsson er nýjasta línuskip fyrirtækisins. Ég er búinn að vera á sjó hjá Vísí í 26 ár og kann vel við mig. Það er þægilegt og gott að vinna hjá fyrirtækinu og það er ekki síst vegna þess að öll samskipti á milli starfsmanna eru persónuleg og góð.“

Samfélagsspor samstæðunnar

Verðmætasköpun félagsins hefur víðtæk samfélags- og efnahagsleg áhrif. Samfélagsspor félagsins gefur heildstæða mynd af öllum opinberum gjöldum og sköttum sem greiddir eru til hins opinbera vegna starfsemi félagsins. Síldarvinnslan greiddi 5.618 milljónir kr. í skatta og gjöld. Félagið innheimti 3.983 milljónir kr. á árinu af starfsfólki fyrir ríkissjóð. Samtals var því samfélagsspor starfseminnar 9.601 milljón kr.

Samfélagsspor 2020–2022*

Í milljónum króna

Heiti	Flokkur	2022	2021	2020
Tekjuskattur	Greiddir skattar og gjöld	1.728	1.147	1.119
Kolefnisgjald	Greiddir skattar og gjöld	306	224	189
Veiðigjald	Greiddir skattar og gjöld	959	532	294
Gjöld til hafnarsjóða	Greiddir skattar og gjöld	413	238	210
Tryggingagjald	Greiddir skattar og gjöld	743	417	355
Mótframlag í lífeyrissjóð	Greiddir skattar og gjöld	1.128	612	521
Önnur gjöld	Greiddir skattar og gjöld	341	176	143
Samtals	Greiddir skattar og gjöld	5.618	3.346	2.831
Fjármagnstekjuskattur	Innheimtir skattar	782	1.384	411
Staðgreiðsla	Innheimtir skattar	3.201	1.923	1.524
Samtals	Innheimtir skattar	3.983	3.307	1.935
Samtals	Heild	9.601	6.653	4.766

*Í útreikningi samfélagsspors er dótturfélagið Vísir tekið með allt árið 2022.



Samfélagsverkefni

Samfélagsstyrkir Síldarvinnslunnar 2022

Styrkir eftir einstökum flokkum	m.kr.
Íþróttir	55,2
Heilbrigðistengd málefni	27,1
Úkraína, sérstakur styrkur	16,7
Menningarmálefni	12,5
Félagasamtök	11,6
Björgunarsveitir	10,8
Menntun	3,8
Stjórnmalaflokkar	3,4
Samtals	141,1



Samningur við góðgerðasamtökin Veraldarvini handsalaður

Fjölbreytt samfélagsverkefni styrkt

Síldarvinnslan og dótturfélög þess styrktu ýmis samfélagsverkefni myndarlega á árinu 2022. Mikil áhersla er lögð á að taka þátt í uppbyggingu samfélags á hverju starfssvæði með veitingu styrkja til góðra málefna og ýmissa samtaka. Þetta hefur verið gert um árabíl, ýmist með beinum styrkjum, gjöfum eða kaupum á auglýsingum. Í þessu sambandi má til dæmis nefna styrki til björgunarsveita og Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað en sjúkrahúsið hefur verið styrkt til tækjakaupa og hefur það aukið þjónustu og öryggi íbúa. Síldarvinnslan hefur einnig styrkt starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands með kaupum á tækjum sem nýtast í kennslu. Vísir hefur einnig styrkt menntaverkefni á sínu starfssvæði. Í gegnum tíðina hefur tengingin við nærumhverfið verið mikill

styrkur fyrir Síldarvinnsluna og dótturfélög þess. Æskulýðsstarf er styrkt árlega og einnig stakir viðburðir. Íþróttafélög eru styrkt mjög myndarlega á hverju ári til fjölbreyttra verkefna og fer oftast en ekki mesta fjárframlagið til þess málaflokks. Samtals námu veittir styrkir á árinu rétt um 141 milljón kr., þar af fóru 55 m.kr til íþróttatengdra verkefna.

Aðstoð til Úkraínu

Síldarvinnslan og Vísir ásamt fleiri af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins ákváðu á nýliðnu ári að styrkja stjórnvöld í Úkraínu um eina milljón dala. Samtals nam hlutur Síldarvinnslunnar og Vísis 16,7 m.kr. Með þessum styrk vildu fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi leggja sitt af mörkum til stuðnings við úkraínsku þjóðina á erfiðum tímum. Við ráðstöfun styrksins var haft samráð við íslensk stjórnvöld.

Minningareitur vígður


Í tilefni 60 ára afmælis Síldarvinnslunnar árið 2017 var ákveðið að láta reisa minningareit á grunni gömlu fiskimjölsverksmiðjunnar sem eyðilagðist í snjóflóði 20. desember 1974. Efnt var til samkeppni um útfærslu á reitnum árið 2018 þar sem öllum gafst kostur á að setja fram hugmyndir um gerð hans. Þátttakendur í samkeppninni voru beðnir um að taka tillit til þess að reiturinn ætti að vera friðsæll og hlýlegur staður og þar ætti að vera aðstaða fyrir fólk til að setjast niður og njóta kyrrðar. Alls bárust átta tillögur um gerð minningareitsins og voru þær metnar af dómnefnd. Niðurstaðan varð sú að tillaga Kristjáns Breiðfjörð Svavarssonar bar sigur úr bítum. Á grundvelli tillögunnar sá Landmótun – landslagsarkitektar um hönnun á svæðinu sem minningareiturinn er gerður á. Lokið var við verkið á árinu 2022.

Minningareiturinn var vígður við hátíðlega athöfn þann 25. ágúst 2022 en hann er helgaður þeim sem látist hafa í störfum hjá fyrirtækinu. Hlífur Þorsteinsson fékk það hlutverk að vígja reitinn en hann er einn helsti hvatamaðurinn að gerð hans. Hlífur missti föður sinn í hörmulegu slysi 17. júlí árið 1958, sama dag og Síldarvinnslan tók fyrst á móti hráefni til vinnslu. Hlífur greindi meðal annars frá slysinu við vígsluna og hve mikils virði minningareiturinn væri.



Hornsteinninn í héraði

Á sjávarútvegssýningunni Sjávarútvegur 2022 í Laugardalshöll í september veittu Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) Síldarvinnslunni viðurkenningu fyrir samfélagsverkefni og umhverfisvernd. Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra afhenti viðurkenninguna. Í umsögn var bent á mikilvægt hlutverk fyrirtækisins á starfsstöðvum þess. Fram kom einnig að félagið væri hornsteinninn í héraði og öruggur vinnustaður. Hvað umhverfismál varðar var sérstaklega nefndur landtengingarbúnaður fyrir skip félagsins. Loks kom fram í umsögn að Síldarvinnslan sé aðili að samfélagsstefnu sjávarútvegs og hafi gefið út samfélagsskýrslu undanfarin ár.





Tölvugerð mynd af væntanlegu útliti íbúðanna.

Fjárfest í íbúðum

Á árinu 2022 hófu Síldarvinnslan og Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað (SÚN) samstarf með það fyrir augum að fjölga íbúðum í Neskaupstað. Mikill húsnæðisskortur hefur verið í bænum og því vildi Síldarvinnslan leggja sitt lóð á vogarskálina.

Ákveðið var að fara í samstarf við fyrirtækið Hrafnshól og var gerður samningur um byggingu sextán íbúða í Neskaupstað. Að samningnum kom einnig leigufélagið Brák sem kaupir fjórar íbúðir. Íbúðirnar sem stendur til að byggja á árinu 2023 eru móduhús sem hafa þann kost að byggingartími þeirra er skammur.

Reist verða tvö átta íbúða fjölbýlishús. Í húsunum eru íbúðir af tveimur stærðum; annars vegar um 40 fermetrar og hins vegar um 80 fermetrar. Í öðru húsinu hefur Brák þegar keypt fjórar íbúðir en þær fjórar sem eftir eru mun byggingafyrirtækið Hrafnshóll bjóða til sölu. Í hinu húsinu eru hins vegar íbúðir sem SÚN og Síldarvinnslan bjóða til sölu.



Samrýnd Síldarvinnsluhjón

Hjónin **Sigurjón Jónuson** og **Ragnhildur Tryggvadóttir** eru búsett í Neskaupstað og starfa bæði hjá Síldarvinnslunni. Sigurjón er fæddur og uppalinn á staðnum en Ragnhildur fluttist þangað 10 ára gömul. Þau telja að það hafi margvíslega kosti að starfa hjá sama fyrirtækinu þó störf þeirra séu afar ólík.

Sigurjón segist hafa hafið störf hjá Síldarvinnslunni á táningsaldri og hann hafi starfað hjá fyrirtækinu samfelld ef undan eru skilin fjögur ár sem hann sinnti störfum hjá Eimskip og nokkur ár þegar hann rak sína eigin vörubifreið. „Ég var 13 eða 14 ára gamall þegar ég hóf að vinna í skreið hjá Síldarvinnslunni og síðar lá leiðin á fjölmarga aðra vinnustaði innan fyrirtækisins. Ég hef starfað í saltfiskverkuninni, í bátastöð Dráttarbrautarinnar, í gamla frystihúsinu, í fiskimjölsverksmiðjunni, við fisklandanir, í fiskiðjuverinu, í frystigeymslunum auk þess sem ég var til sjós um tíma á mörgum Síldarvinnsluskipanna. Síðustu árin hef ég svo starfað í landi, í þjónustu við útgerðina. Það er fjölbreytt starf og skemmtilegt og í því þarf ég að vera í samskiptum við fjölda manns. Samskiptin við sjómennina eru mikil og eins við fjölmarga aðra

og þá ekki síst við starfsmenn flutningafyrirtækja. Ég hef alltaf verið mikill Síldarvinnslumaður og mér líkar vel að vera í vinnu hjá fyrirtækinu. Ég nýt þess líka að þekkja vel til fyrirtækisins, ekki síst vegna þess hvað ég hef starfað víða innan þess. Staðreyndin er sú að ég hef aldrei enst mjög lengi í störfum hjá öðrum en Síldarvinnslunni. Ég reyndi meira að segja einu sinni að flytja til Reykjavíkur og vinna þar. Það voru mistök og ég gafst upp eftir örfáa mánuði og kom aftur heim.“

Ragnhildur hóf störf sem launafulltrúi á skrifstofu Síldarvinnslunnar árið 2002 og hefur starfað þar síðan. „Mitt verkefni á skrifstofu Síldarvinnslunnar er að reikna og halda utan um laun starfsfólks. Þarna er um að ræða laun alls starfsfólks Síldarvinnslunnar í landi og á sjó og einnig laun starfsfólks Fóðurverksmiðjunnar Laxár á Akureyri. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt og ég nýt þess að gegna því. Einn af stóru kostunum við þetta starf er að ég er í samskiptum við fólk, bæði hér á skrifstofunni og á öllum vinnustöðum fyrirtækisins. Þessi samskipti eru yfirleitt afskaplega ánægjuleg og lærdómsrík og ég vildi ekki vera án þeirra.“

Nýsköpun og rannsóknir

Líkt og síðustu ár hefur Síldarvinnslan lagt áherslu á að eiga gott samstarf við rannsókn- og menntastofnanir með þátttöku í fjölbreyttum verkefnum sem tengjast starfsemi fyrirtækisins. Verkefnin hafa flest snúið að rannsóknum á ýmsum sviðum. Mörg verkefnanna hafa verið í umsjón Mátis og háskóla en með þátttöku fyrirtækja í sjávarútvegi. Verkefnin eru langflest uppbyggð á þann hátt að fjármögnun rannsókna er sótt í samkeppnissjóði, Matvælasjóð, Tækniþróunarsjóð og Nýsköpunarsjóð námsmanna.

Stærstu rannsóknaverkefnin sem Síldarvinnslan vinnur að eru mörg tengd rannsóknum og þróun á fiskimjöli og lýsi en því til viðbótar má benda á að með kaupum á Vísi eignaðist félagið 25% hlut í Marine Collagen í Grindavík. Lokið verður við að setja upp lífmassaver Mátis á árinu 2023 þannig að það mun koma til með að nýtast til fulls á komandi sumri og hausti. Lífmassaverið verður m.a. nýtt til að vinna að frekari þróun á prótein- og lýsisafurðum.





Á síðustu árum hafa margir háskólanemar unnið að verkefnum sem tengjast starfsemi Síldarvinnslunnar og dótturfyrirtækja. Þessi vinna hefur verið skipulögð í samræmi við kröfur háskóla hvað varðar lokaverkefni af öllum gráðum. Þau verkefni sem unnið hefur verið að undanfarið töfðust vegna samkomutakmarkana af völdum Covid. Eftir að þeim var aflétt á síðasta ári hafa verkefnin komist aftur á skrið. Hér á eftir verða nefnd nokkur af þeim verkefnum sem unnið hefur verið að hjá Síldarvinnslunni:

Uppsetning á HPP verksmiðju í Neskaupstað

Á árinu 2022 var unnið að uppsetningu á nýrri fiskimjölsverksmiðju sem nýtir tækni sem þróuð var hjá Héðni hf. Vonir standa til að verksmiðjan skili betri orkunýtni og stuðli að betri afurðagæðum. Verksmiðjulínan er tvískipt og hægt að keyra sitt hvorn hlutann á mismunandi hátt. Fyrirhugað er að setja saman rannsóknaverkefni í verksmiðjunni í samstarfi við háskóla- samfélagið og Matís þar sem ætlunin er að greina feril hráefnis til afurða ásamt því að prófa mismunandi útfærslur á ýmsum þáttum sem áhrif hafa á afurðir. Á komandi misserum mun vinnsluferill í verksmiðjunni nýtast háskólanemum á ýmsum brautum sem vettvangur fyrir lokaverkefni í meistara- sem og doktorsnámi. Verksmiðjan var formlega tekin í notkun í ágústmánuði árið 2022.



Saltfiskur til framtíðar

Vísir er hluti af samstarfsverkefninu, *Saltfiskur til framtíðar*, ásamt Þorbirni hf, Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands og Matís. Markmið verkefnisins er að þróa og besta framleiðsluferli við útvötnun á saltfiski með það fyrir augum að flytja út tilbúna neysluvöru og ná þannig fram auknum virðisauka.

Greining Listeria í matvælum og mönnum

Síldarvinnslan er ásamt fjölda annarra fyrirtækja samstarfsaðili að rannsóknarverkefni sem fjallar um upprunagreiningu Listeria í matvælum og mönnum. Markmið verkefnisins er að bæta gæði matvæla með því að uppræta mengun í matvælum og auka matvælaöryggi. Verkefnið er leitt af Matís, Háskóla Íslands, Landspítala, MAST, Embætti landlæknis og fjármagnað af Tækniþróunarsjóði Rannís. Verkefnið hefur verið í vinnslu síðustu ár og sagt var frá þessu verkefni í samfélagskýrslu félagsins árið 2021. Verkefninu verður haldið áfram á árinu 2023.

Verðmæti í vinnsluvatni bolfiskvinnslu

Vísir, ásamt fleiri sjávarútvegsfyrirtækjum, er samstarfsaðili Matís að verkefni sem snýr að því að kortleggja verðmæt prótein í vinnsluvatni. Markmið verkefnisins er að þróa verðmætar afurðir úr próteini í vinnsluvatni frá bolfiskvinnslu. Lagt verður mat á hvort unnt sé að minnka próteintap og aðferðir þróaðar til að safna og vinna úr þessu hliðarhráefni vörur til manneldis.

Prótein framleitt úr hliðarstraumi makrís

Líkt og á árinu 2021 er Síldarvinnslan þátttakandi í verkefni sem snýst um að framleiða fiskiprótein úr hliðarstraumum makrís. Markmið þessa verkefnis er að framleiða „fiskpróteinhýdrólýsöt“ (FPH) úr hliðarstraumum sem falla til við vinnslu makrís og meta fýsileika þess að nota þau í startfóður fyrir laxeldi, sem og til manneldis. Makrill er ein mikilvægasta uppsjávartegundin við Ísland og fellur til mikið magn hliðarstrauma (hausar, innyfli og afskurðir) við vinnslu hans. Þessir hliðarstraumar hafa hingað til einungis verið nýttir til framleiðslu á fiskimjöli og lýsi og eru því miklir möguleikar fyrir hendi til þess að auka verðmæti þeirra. Samstarfsaðilar eru Fóðurverksmiðjan Laxá á Akureyri, Matís og Háskóli Íslands og er verkefnið fjármagnað af Matvælasjóði.





Gæðabreytingar próteina við vinnslu þorsk- og karfaafurða

Verkefnið er samstarf Vísis, Brims, Matvæla- og næringarfræðideildar Háskóla Íslands og Matís. Markmið verkefnisins er að rannsaka áhrif léttisöltunar og saltfisksvinnslu á gæði próteina í þorskafurðum sem og áhrifum frystingar og frystigeymslu á gæði próteina í karfaafurðum. Með verkefninu er horft til þess að öðlast betri skilning á áhrifum þessara vinnsluferla á prótein í sjávarafurðum og skoða hvernig megi viðhalda stöðugum gæðum próteinanna.

Þróun öryggisstjórnunarkerfis

Á árinu 2022 hóf Vísir hf. samstarf við Öldu öryggi ehf. um þróun á öryggisstjórnunarkerfinu Öldu fyrir fiskiskip og sjómenn. Tilgangur verkefnisins er að nútímavæða öryggisstjórnun til sjós með stafrænum lausnum í samvinnu við skipstjórnendur og sjómenn. Hugbúnaðurinn mun einfalda utanumhald öryggismála til sjós með stafrænum hætti og samræma áherslur í öryggismálum um borð í skipum Vísis.

Seyðfirðingur í húð og hár

Lóa Margrét Pétursdóttir er Seyðfirðingur í húð og hár, fædd þar og uppalin. Hún hóf störf í frystihúsinu á Seyðisfirði 14 ára gömul og hefur starfað þar síðan, að einu ári undanskildu en þá dvaldi hún í Reykjavík. Lóa tók við starfi yfirverkstjóra í frystihúsinu fyrir tveimur árum en hafði áður sinnt verkstjórarstarfi í afleysingum. Hún segir að ýmislegt hafi breyst frá því að hún hóf störf í frystihúsinu. „Eignarhaldið á húsinu hefur tekið sífelldum breytingum frá því að ég byrjaði að starfa. Einu sinni var húsið rekið af Dvergasteini og einnig af Útgerðarfélagi Akureyrar, Skagstrendingur kom til sögunnar um tíma og síðan Gullberg og Brimberg áður en Síldarvinnslan festi kaup á því árið 2014. Með tilkomu Síldarvinnslunnar breyttist það helst að alltaf var hráefni til staðar og vinnslan

varð samfelld. Áður hafði hráefnisöflunin verið sífelld vandamál og því fór fjarri að vinnsla væri í húsinu alla daga. Sú breyting sem helst hefur átt sér stað í frystihúsinu er að nú er íslenskt starfsfólk í miklum minnihluta en áður sinntu Íslendingar öllum störfum. Ég hugsa að um 70% starfsfólksins sé af erlendum uppruna. Hér starfar til dæmis fólk frá Póllandi, Litháen, Lettlandi, Tyrklandi, Serbíu og Búlgaríu. Stundum gætir dálítilla tungumálaerfiðleika en þau sem hafa starfað lengst eru orðin mjög fín í íslensku og hjálpa til. Ég er að sjálfsgöðu í góðum tengslum við allt starfsfólkið og það gengur vel. Í sannleika sagt ríkir hér afar góður starfsandi og frystihúsið er skemmtilegur vinnustaður. Ég finn mig vel í starfi yfirverkstjóra og hef akkúrat yfir engu að kvarta.“



Síldarvinnslan og samfélagið 2000–2023

2001

- ▶ Umhverfisverðlaun Fjarðabyggðar

2002

- ▶ Umhverfisverðlaun Landsambands íslenskra útvegsmanna
- ▶ Hvatningarverðlaun þróunarfélags Austurlands

2011

- ▶ Forvarnarverðlaun Tryggingamiðstöðvarinnar

2012

- ▶ Síldarvinnslan tekur þátt í kaupum á nýju sneiðmynda-tæki fyrir Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað

2017

- ▶ LungA skólinn á Seyðisfirði fær gamla netagerðarhús Síldarvinnslunnar að gjöf undir starfsemi skólans

2016

- ▶ Síldarvinnslan fær Umhverfisverðlaun Fjarðabyggðar
- ▶ Síldarvinnslan styrkir endurbætur á Norðfjarðarflugvelli og malbikun hans í samstarfi við SÚN, ríkið og Fjarðabyggð

2015

- ▶ Síldarvinnslan fær MCS vottun fyrir síldveiðar
- ▶ Síldarvinnslan fær Menntasprotu atvinnulífsins árið 2015 fyrir að hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála

2014

- ▶ Verkmenntaskóli Austurlands styrktur til að koma upp Fab Lab

2013

- ▶ Rafvæðing fiskimjölsværksmiðjunnar í Neskaupstað
- ▶ Sjávarútvegsskóli Síldarvinnslunnar stofnaður
- ▶ Verkmenntaskóli Austurlands styrktur til að koma upp hermi til vélstjórnarkennslu

2018

- ▶ Síldarvinnslan fær jafnlaunavottun fyrst sjávarútvegsfyrirtækja

2020

- ▶ Síldarvinnslan gefur út samfélagsskýrslu í fyrsta sinn

2021

- ▶ Landtenging skipa við fiskiðjuver Síldarvinnslunnar í Neskaupstað tekin í notkun

2022

- ▶ Síldarvinnslan tekur þátt í að reisa íbúðir í Neskaupstað
- ▶ Styrkur er veittur til hjálparstarfs í Úkraínu

Umhverfi




Stefna í umhverfismálum og áherslur til næstu ára

Góð umgengni um auðlindir og náttúru á að vera sameiginlegt markmið okkar allra. Þeir fiskistofnar sem Síldarvinnslan veiðir úr eru háðir umhverfisskilyrðum í hafinu. Göngumynstur og ástand einstakra fiskistofna getur breyst með breyttu hitastigi sjávar eða öðrum umhverfistengdum breytingum. Rekstur Síldarvinnslunnar á því mikið undir því að gengið sé um umhverfið á sjálfbæran og ábyrgan hátt.

Kolefnisspor Síldarvinnslunnar

Tonn kolefnisígildi



Olíunotkun og rafmagnsvæðing verksmiðja

Þegar starfsemi Síldarvinnslunnar er skoðuð og umhverfisáhrif félagsins greind er ljóst að langstærsti einstaki umhverfisþáttur starfseminnar er eldsneytisnotkun fiskiskipa samstæðunnar. Á árum áður notuðu fiskimjölsverksmiðjur félagsins mikið eldsneyti við keyrslu en eldsneytisnotkun hefur dregist saman eftir umfangsmiklar fjárfestingar í rafmagnsvæðingu verksmiðjanna. Á árinu 2022 var breyting á þessu vegna skerðingar á afhendingu rafmagns til félagsins. Afleiðing þessa var aukin notkun á eldsneyti í fiskimjölsverksmiðjum félagsins og nam hún um sjö milljónum lítra. Í samanburði við síðustu ár er sú notkun óvenju mikil.

Göngumynstur einstakra stofna, aflabrögð og ekki síst veðurfar hefur mikil áhrif á hversu langt þarf að sækja á miðin hverju sinni. Sérstaklega hafa þessar ytri aðstæður mikil áhrif á veiðar úr deilistofnum líkt og uppsjávartegundunum; makríl, kolmunna, síld og loðnu. Þótt hröð tækniþróun eigi sér nú stað í rafvæðingu í samgöngum er sú þróun komin skemur á veg í vélbúnaði fiskiskipa. Þetta kann að breytast á komandi árum eftir því sem tæknibreytingum vindur fram.





Margvísleg verkefni viðhaldsstjóra

Benedikt Þór Guðnason var ráðinn í starf viðhaldsstjóra hjá Bergi – Hugin og Bergi í Vestmannaeyjum fyrir rúmlega ári síðan. Hann segir að í starfinu felist að þjónusta skipin Vestmannaey VE og Berg VE með fjölbreyttum hætti. „Það þarf að sinna viðhaldi alls búnaðar um borð, allt frá vélum skipanna til þvottavéla. Verkefnin eru mjög breytileg. Á síðasta ári kom upp eldur í vélarrúmi Vestmannaeyjar og það kallaði til dæmis á margvísleg verkefni sem þurfti að sinna. Þegar kemur að meiriháttar viðhaldi á skipunum eru þau tekin á land í Reykjavík eða í Hafnarfirði. Þá þarf ég gjarnan að vera töluvert að heiman. Starfið mitt er þess eðlis

að ég þarf að vera í sambandi við býsna marga. Ég er í nánu sambandi við áhafnir skipanna, einkum við yfirmenn um borð, og einnig þarf ég að vera í góðum tengslum við stjórnendur útgerðanna, ekki síst hvað varðar mat á kostnaði. Þá er ég í miklu sambandi við norska aðila en skipin voru smíðuð í Noregi. Ég er að vinna með afar góðu fólki og ég er á mjög góðum vinnustað. Staðreyndin er sú að ég get ekki kvartað yfir neinu. Stjórnendur fyrirtækisins leggja metnað sinn í að allt sé í sem bestu lagi um borð í skipunum og að útgerðin sé að öllu leyti til fyrirmyndar. Það er mjög gott að starfa í slíku umhverfi.“

Kolefnisspor

Losun hjá fyrirtækinu af völdum kælimiðla var 0,11 tonn af kolefnisígildum (CO₂) á árinu. Síldarvinnslan notar lítið af HFC kælimiðlum og því er losun frá þessum þætti lítil í samanburði við heildarlosun í starfseminni. Greint kolefnisspor af starfsemi Síldarvinnslunnar var 73.777 tonn af CO₂-ígildum árið 2022 og þar af eru áhrif af Vísí 8.261 tonn af kolefnisígildum en 65.516 tonn án Vísis. Árið 2021 var greint kolefnisspor Síldarvinnslunnar 54.212 tonn af kolefnisígildum svo aukning milli ára er tæplega 20 þúsund tonn af CO₂-ígildum eða 36% á milli ára. Ef við skoðum tölur Síldarvinnslunnar án Vísis er aukning um 11,3 þúsund tonn af kolefnisígildum eða 21% á milli ára. Þegar rýnt er í tölur Síldarvinnslunnar kemur í ljós að það er samdráttur í losun frá skipum félagsins sem nemur 5.469 tonnum af kolefnisígildum þrátt fyrir aukna veiði upp á 50 þúsund tonn. Losun frá fiskimjölsverksmiðjum félagsins jókst um 16.317 tonn af CO₂-ígildum milli ára. Því skal haldið til haga að losunin frá verksmiðjunum hefði verið rúmlega 14 þúsund tonnum lægri ef verksmiðjurnar hefðu haft ótakmarkaðan aðgang að rafmagni þegar þær voru í keyrslu.



Áhersla á sparneytin skip


Við endurnýjun fiskiskipaflotans hjá Síldarvinnslunni hefur verið lögð áhersla á sparneytin skip og ekki síður að skip félagsins séu keyrð á hagkvæman hátt og olíunotkun lágörkuð. Með stærri og nýrri skipum sem geta borið meiri afla að landi næst hagkvæmni í eldsneytisnotkun á hvert veitt tonn.

Fiskveiðar

Til að tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna þarf að umgangast fiskveiðiauðlindina af ábyrgð og virðingu. Aukin áhersla hefur verið lögð á að stýra veiðum með það að markmiði að hámarka verðmæti afla frekar en að hámarka veitt magn. Síldarvinnslan og dótturfélög gerðu út fjórtán fiskiskip árið 2022, fjögur uppsjávarskip, fjóra ísfisktogara, fimm línubáta og einn frystitogara. Veiði skipa Síldarvinnslunnar jókst á milli ára um 48 þúsund tonn en skip Vísis fiskuðu 17.576 tonn og nemur því heildaraukning milli ára um 66 þúsund tonnum. Heildareldsneytisnotkun sameiginlegs flota var 19 milljónir lítra. Þrátt fyrir að veiði skipanna hafi aukist dróst eldsneytisnotkun saman um 2 milljónir lítra hjá skipum Síldarvinnslunnar án Vísis. Skip Síldarvinnslunnar notuðu 16,2 milljón lítra af olíu og losuðu skipin 43.961 tonn af CO₂-ígildum á árinu.

Olíueyðsla uppsjávarskipa

lítrar á hvert veitt tonn





Mest var losun hjá uppsjávarskipum en hún nam 27.696 tonnum af kolefnisígildum sem er samdráttur um 4.626 tonn. Á móti kemur að veiði uppsjávarskipanna jókst um 49,7 þúsund tonn og er því losun á veitt tonn að minnka verulega milli ára og fer úr 0,22 í 0,14. Samdrátturinn stafar af því að skipin veiddu mikið magn af loðnu og fóru þær veiðar fram nálægt landi og eins gengu kolmunnaveiðar félagsins mjög vel og var afli á sóknareiningu talsvert meiri en undanfarin ár. Það má því segja að þrátt fyrir aukið úthald hafi siglingar minnkað og einnig er þetta fyrsta árið þar sem nýi Börkur var í rekstri allt árið en hann er sparneytnari en önnur uppsjávarskip.

Losun ísfisktogara jókst um 1.690 tonn af kolefnisígildum og stafar það af því að Jóhanna Gísladóttir bættist í flotann og afli og sókn jókst því. Þegar losun er skoðuð sem hlutfall af veiddu tonni þá er hún sambærileg á milli ára og fer úr 0,61 í 0,62 CO₂-ígildi per veitt tonn. Losun á frystitogaranum Blængi jókst lítið á milli ára og fer úr 1,2 CO₂-ígildi per veitt tonn í 1,24 CO₂-ígildi per veitt tonn en Blængur lagði meiri áherslu á grálúðuveiðar árið 2022 en árið áður. Línuskip félagsins losuðu 4.671 tonn af kolefnisígildum eða 0,4 CO₂-ígildi á hvert veitt tonn og dagróðrabátarnir losuðu 340 tonn af kolefnisígildum og voru með 0,2 CO₂-ígildi á hvert veitt tonn. Heildarafli allra skipa Síldarvinnslunnar og Vísis var 232.179 tonn á árinu, þar af var afli uppsjávarskipa 195 þúsund tonn.

Starfsstöðvar í landi

Stærsta aðgerðin sem hefur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda á síðustu árum er raforkuvæðing í fiskimjölsverksmiðjum félagsins. Í dag er mögulegt að keyra verksmiðjuna í Neskaupstað alfarið á rafmagni og olía er eingöngu notuð sem varaafli ef skortur er á rafmagni eða truflanir á afhendingu raforku. Á Seyðisfirði á eftir að rafvæða verksmiðjuna að fullu og notar hún því enn olíu að hluta til við keyrslu. Á árinu voru fiskimjölsverksmiðjurnar keyrðar með 46,2% endurnýjanlegum orkugjöfum samanborið við 79,9% árið 2021 en þar munar mestu um raforkuskerðingu sem stóð yfir alla loðnuvertíðina.

Raforkunotkun allra starfsstöðva félagsins var 87.283 megavattstundir á árinu og dróst saman á milli ára um 24.845 megavattstundir. Stærstu hluti orkunnar sem notuð er á starfsstöðvum félagsins er endurnýjanleg. Félagið rak tvær fiskimjölsverksmiðjur á árinu; í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Hráefnismóttaka í verksmiðjunum var 274 þúsund tonn, orkukræfni framleiðslunnar var 147.057 megavattstundir og var notað 0,54 MWh á hvert hráefnistonn.





Hlutfall endurnýjanlegrar orku við framleiðslu í Neskaupstað var 59% en 23% á Seyðisfirði. Samtals var því hlutfall endurnýjanlegrar orku sem notuð var í verksmiðjum félagsins 46%. Uppsjávarvinnslan í Neskaupstað tók á móti 52.402 tonnum af hráefni og notaði 7.720 megavattstundir af raforku á árinu. Bolfiskvinnsla félagsins á Seyðisfirði tók á móti 2.733 tonnum af hráefni og notaði 1.010 megavattstundir af raforku við framleiðsluna.

Fiskvinnslurnar í Grindavík tóku á móti 15.889 tonnum af hráefni á árinu og notuðu 3.000 megavattstundir af raforku við framleiðsluna. Frystigeymslan í Neskaupstað notaði 4.372 megavattstundir af raforku á árinu.

Fóðurverksmiðjan Laxá notaði 2.677 megavattstundir af raforku en það skal tekið fram að raforkunotkun Laxár var ofskráð í samfélagsskýrslu 2021 og leiðréttast því samanburðarárin í þessari skýrslu. Eldsneytisnotkun bifreiða og annarra tækja á árinu var 221.305 lítrar.



Frá Kalisz á rannsóknarstofu í Neskaupstað

Beata Angelika Zalewska hóf nýlega störf á rannsóknastofu fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Beata er fædd og uppalin í borginni Kalisz sem er um 100 þúsund manna borg í vesturhluta Póllands. Hún lagði stund á háskólanám í haffræði í Gdansk en í náminu er fjallað um hafið og lífríki þess. Náminu lauk hún sl. sumar.

Kærasti Beata er Kasper Bartosz Idzikowski en hann hefur búið í Neskaupstað frá sex ára aldri. Beata kom í fyrsta sinn til Neskaupstaðar fyrir fjórum árum og þá strax sagði hún að hér vildi hún eiga heima og starfa. „Ég hreifst strax af bænum og umhverfinu. Fjörðurinn, fjöllin og friðsældin heilluðu mig. Eins líkaði mér afskaplega vel við fólk. Ég sá líka að á þessum stað gæti ég fengið starf sem tengdist náminu mínu. Í sannleika sagt vissi ég ekki mikið um Ísland

áður en ég kynntist Kasper. Ég hafði þó séð myndir frá landinu, meðal annars myndir af eldgosum og auðvitað fannst mér landið forvitnilegt.“

Beata hóf störf á rannsóknastofunni síðasta haust og líkar starfið vel. „Ég er mjög ánægð í vinnunni. Það hefur allt gengið eins vel og mögulegt er. Á rannsóknastofunni erum við að fást við ýmis verkefni, við mælum hráefni og afurðir og tökum sýni til að fylgjast með hvort öll tæki í verksmiðjunni vinni eins og til er ætlast. Á venjulegum vinnudegi þarf að greina fjölda sýna. Í vinnsluhléum er unnið við að hreinsa og þrifa allan búnað þannig að allt sé klárt þegar vinnsla hefst á ný. Mér finnst þetta gefandi og skemmtilegt starf. Næsta verkefni hjá mér er að ná tökum á íslenskunni og ég vona að það gangi bæði fljótt og vel,“ segir Beata.

Endurvinnsla og sorphirða

Á árinu héldum við áfram að bæta flokkun á sorpi og skráningu þess, bæði í landvinnslu og um borð í fiskiskipum Síldarvinnslunnar. Skipin koma með allan úrgang flokkaðan til hafnar og er hann meðhöndlaður samkvæmt Marpol-reglugerðinni. Hvert skip heldur úti sorpdagbók og skilar upplýsingum til hafnaryfirvalda þegar í land er komið. Samkvæmt Marpol-reglugerðinni má ekki henda lífrænum úrgangi í hafið nema hann sé kvarnaður. Heildarmagn úrgangs árið 2022 var 715.886 kg og þar af voru 418.536 kg flokkuð eða 58,5% sem er örlítið lægra en árið 2021. Skýrist það að mestu leyti af því að tölur Vísis eru teknar með í tölum Síldarvinnslunnar. Af flokkuðu sorpi voru 99 tonn járn og málmar, 112 tonn tengd endurvinnslu á veiðarfærum og 26 tonn voru timbur.





Umhverfisvæn landtenging

Búnaður sem notaður er til að landtengja uppsjávarskip á meðan þau landa hráefni í fiskiðjuverið í Neskaupstað var tekinn í notkun um mitt ár 2021 og hefur verið notaður fyrir skip Síldarvinnslunnar og önnur uppsjávarskip sem eru með búnað um borð til að tengjast landtengingunni. Með tilkomu landtengingarinnar brenna skipin ekki olíu á meðan á löndun stendur eins og áður var. Þessi aðgerð getur sparað allt að 300 þúsund lítra af olíu á ári. Landtengingin dregur úr olíunotkun Síldarvinnslunnar og hefur þannig jákvæð umhverfisáhrif.

Umhverfisbókhald samstæðunnar*

Kolefnisuppgjör	Eining	2022	2021	2020
Umfang 1	tCO ₂ í	72.455	53.385	46.005
Umfang 2	tCO ₂ í	686	987	886
Umfang 3	tCO ₂ í	636	256	189
Kolefnisspor, heild	tCO ₂ í	73.777	54.628	47.080
Aukning/samdráttur í losun milli ára		35%	16%	17%
Orkunokun vegna notkunar jarðefnaeldsneytis	kWh	284.011.694	209.697.594	180.997.519
Raforkunotkun	kWh	87.282.951	112.127.916	100.731.352
Orka frá heitu vatni til húshitunar	kWh	2.427.316	2.997.366	2.084.625
Heildarorkunotkun	kWh	373.721.961	324.822.876	283.813.496
Eldsneytisnotkun bifreiða og tækja	lítr.	221.305	53.318	29.214
Eldsneytisnotkun fiskmjölsverksmiðja	lítr.	7.394.720	1.395.726	473.826
Hlutfall endurnýjanlegrar orku	%	24%	35%	36%
Hlutfall endurnýjanlegrar raforku	%			
Hlutfall jarðefnaeldsneytis	%	76,00%	64,56%	63,77%
Heildarnotkun á neysluvatni	m ³	1.119.497	236.627	562.731
Myndun úrgangs og úrvinnsla				
Flokkaður úrgangur	kg	418.536	328.015	264.122
Óflokkaður úrgangur	kg	297.350	146.332	107.841
Heildarmagn úrgangs	kg	715.886	474.347	371.963

*Gögn, tölur og útreikningar vegna umhverfislegra þátta Vísis eru reiknuð inn í umhverfisbókhald samstæðu Síldarvinnslunnar miðað við allt árið 2022. Þetta er gert til að auðvelda samanburð þegar umhverfisbókhald samstæðunnar verður birt fyrir komandi ár.

Veiði	Eining	2022	2021	2020
Veiði ísfisktogara	tonn	17.516	14.974	13.861
Veiði uppsjávarskipa	tonn	194.605	144.932	123.847
Veiði frystitogara	tonn	6.634	6.631	7.038
Veiði línuskipa	tonn	13.424		
Heildarveiði	tonn	232.179	166.537	144.746
Eldsneytisnotkun skipaflota				
Eldsneytisnotkun ísfisktogara	lítr.	3.983.949	3.362.453	3.185.864
Orkukræfni (kWh)	kWh	42.628.254	35.978.247	34.088.745
Olíunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	227	225	230
Losun GHL ísfisktogara	tCO ₂ í	10.836	9.146	8.684
Losun GHL/veitt tonn (VT)	tCO ₂ í/VT	0,62	0,61	0,63
Eldsneytisnotkun uppsjávarskipa	lítr.	10.182.328	11.883.137	10.240.531
Orkukræfni (kWh)	kWh	108.950.910	127.149.566	109.573.682
Olíunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	52	82	83
Losun GHL uppsjávarskipa	tCO ₂ í	27.696	32.322	27.853
Losun GHL/veitt tonn (VT)	tCO ₂ í/VT	0,14	0,22	0,22
Eldsneytisnotkun frystitogara	lítr.	3.014.052	2.927.375	2.958.000
Orkukræfni (kWh)	kWh	32.250.356	31.322.913	31.650.600
Olíunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	454	441	420
Losun GHL frystitogara	tCO ₂ í	8.198	7.961	8.045
Losun GHL /veitt tonn (VT)	tCO ₂ í/VT	1,24	1,20	1,14
Eldsneytisnotkun línuskipa	lítr.	1.842.603		
Orkukræfni (kWh)	kWh	19.715.852		
Olíunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	137		
Losun GHL línuskipa	tCO ₂ í	5.012		
Losun GHL /veitt tonn (VT)	tCO ₂ í/VT	0,37		
Heildareldsneytisnotkun skipaflotans	lítr.	19.022.932	18.172.965	16.384.395





Fannardalur

Neskaupstaður

Skógrækt fyrirhuguð

Síldarvinnslan tilkynnti í upphafi árs 2022 að fyrirtækið hefði fest kaup á jörðinni Fannardal í Norðfirði með áform um að nýta hana til skógræktar. Með skógræktinni mun fyrirtækið hefja bindingu kolefnis á móti þeirri kolefnislosun sem það veldur með starfsemi sinni. Stefnt er að því að hin fyrirhugaða skógrækt verði framkvæmd í samvinnu við Skógrækt ríkisins. Hjá Síldarvinnslunni eru miklar vonir bundnar við skógræktarverkefnið.

Áður en skógrækt hefst í Fannardal þarf að komast til botns í því hvort Óbyggðanefnd, fyrir hönd ríkisins, geti gert tilkall til hluta Fannardals. Málið tengist þjóðlendukröfum ríkisins á Austfjörðum. Markmið Síldarvinnslunnar eru eftir sem áður óbreytt: Að hefja skógrækt í Fannardal en ljóst er að bíða verður eftir niðurstöðum Óbyggðanefndar.



Sýsluvinnslan hf.
Apríl 2023